



UMSÖGN

Viðtakandi: Skipulags- og samgönguráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi samráð við lögreglu og slökkvilið vegna breytinga á Laugavegi og Skólavörðustíg (US210237).

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 1. september sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Hefur verið haft samráð við lögreglu og slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, vegna lokunar og breytinga við Laugaveg og Skólavörðustíg? Hefur verið kannað hvort breytingarnar komi niður á neyðarakstri og hvort þær muni lengja viðbragðstíma slökkviliðs og lögreglu? Sömuleiðis er óskað svara við því hvort samráð hafi verið haft við samtök hreyfihamlaða í ljósi þess að ekki verður aðgengi fyrir þá á svæðinu milli 7-11 á morgnana.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, þann 29. september sl.

Svar við fyrirspurn:

Samráð var haft við bæði lögregluna á höfuðborgarsvæðinu og slökkvilið höfuðborgarsvæðisins vegna breytinga á Laugavegi, Skólavörðustíg og öðrum fyrirhuguðum göngugötusvæðum. Við hönnun á breytingum á götunum er enn fremur lögð áhersla á að tryggja akstursleiðir neyðarumferðar.

Ekki hefur verið gerð sérstök rannsókn á breytingum á viðbragðstíma slökkviliðs og lögreglu um göngugötusvæði. Rétt er þó að benda á að breytingarnar hafa í för með sér að umferð vélknúinna ökutækja um göturnar er verulega takmörkuð og að einungis megi leggja þeim ökutækjum sem þar eru heimil í merkt stæði. Hvoru tveggja er til þess fallið að auðvelda akstur neyðarbíla um götuna.

Rétt er að taka fram að ekki eru sérstök tímatakmörk á aðgengi hreyfihamlaðra að göngugötum. Vörulosun er að jafnaði heimiluð milli 7 – 11 á morgnana virka daga en hún á ekki að hafa áhrif á aðgengi hreyfihamlaðra.



Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
starfandi samgöngustjóri